Sýning í Hrísey

,,Have you seen the pink whale?“
Er yfirskrift sýningar listamanna sem dvelja í Gamla skóla þennan mánuðinn í boði Afmælisnefndar Akureyrarbæjar. Það eru Jonas Rubin frá Danmörku og Joanne Pang Rui Yun frá Singapore. Sýningin opnar 30. nóvember og er opið föstudag – sunnudags á milli kl. 12:00 og 15:00. Sýnt er í Sæborg og húsi Hákarla Jörundar.

SPARISJÓÐURINN

Konfekt og piparkökur frá 1. desember.

Njótum aðventunnar. Verið velkomin

Sparisjóður Svarfdæla, Hrísey

Fréttabréf Ferðamálafélags Hríseyjar - www.hrisey.net
Ábyrgðarmaður: Stjórnin.

FRÉTTABRÉF

Ferðamálafélags Hríseyjar

KARRINN

Desember 2012
6. árgangur 6.tölublað



Ljósmynd: Gísli Einarsson

Hríseyjarfréttir

Ágætu lesendur! Hægt verður að nálgast Karrann á heimasíðunni www.hrisey.net

Hugleiðingar stjórnar.

Það er eitt sem við getum alveg verið viss um og það er að jólin koma alltaf aftur. Það er svolítið furðulegt hvað alltaf er styttra á milli þeirra. Við höfum velt því fyrir okkur hvort það sé aldurinn eða bara að tíminn líði hreinlega hraðar í dag. Að venju verður heilmikið um að vera í Hrísey í desember og er það ósk okkar að allir reyni að njóta þess dásamlega tíma sem framundan er án þess að missa sig í eitthvað jólastress. Það er alveg sama hvað við þrífum mikið eða bökum margar sortir jólin koma alltaf þann 24. desember. Njótum líðandi stundar á aðventunni, kveikjum á kertum, njótum myrkursins og látum okkur líða vel.
Óskum Hríseyingum nær og fjær gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári. Þökkum árið sem er að líða.

Góðar stundir

Hanna Hauksdóttir
Ingimar Ragnarsson
Linda María Ásgeirsdóttir
Víðir Björnsson
Þorgeir Jónsson
Þröstur Jóhannsson



Nudd

Jólatiboð á nuddi hjá Þóri, 3 tímar á verði tveggja. Upplýsingar í síma 554 2031 og 891 8247. Einnig í boði gjafabréf.

Fjórar hendur

Jónína og Þórir bjóða aftur upp á Höfuðbeina og spjaldhryggjameðferð í sundlauginni og einnig á meðferðarbekk. Einstakt tækifæri. Tveir meðferðaraðilar á verði eins.
Jónína sími 846 6769, Þórir sími 891 8247.

Snyrting

Ég býð upp á almenna snyrtingu á mjög góðu verði. Tilboð á húðhreinsun fram að jólum kr. 3.000.-
Jónína sími 846 6769.

Handgerð kerti

Til sölu handgerð kerti hjá Rósu Kára tilvalin í jólapakkann. Hún tekur á móti kertaafgöngum og gerir líka við gallabuxur. Jólakortin frá Blindrafélaginu fást hjá Rósu og einnig í Sparisjóðnum.

Fréttir úr Hríseyjarskóla.

Hríseyjarskóli var settur þann 22. ágúst sl. á sal skólans. Þar voru mættir eftirvæntingafullir nemendur, foreldrar og kennarar allir tilbúnir að takast á við komandi skólaár. Í ár eru 25 nemendur í skólanum og 12 nemendur á leikskóladeildinni. Skólahald fór vel af stað og hefur gengið vel í alla staði. Skólinn vinnur eftir þriggja anna kerfi og nú er fyrstu önninni, haustönninni lokið og byrjuð vetrarönn. Foreldrakaffi héldum við á degi íslenskrar tungu og annarskilum og þar kynntu nemendur vinnu sína sem var um sex grunnþætti nýrrar Aðalnámsskrár grunnskóla og stóðu þeir sig með mikilli prýði. Fulltrúi okkar í Stóru upplestrarkeppninni Karolína Domanska las ljóð eftir Jónas Hallgrímsson og Emil Hrafn Ómarsson keppandi í Litlu upplestrarkeppninni las einnig ljóð eftir Jónas. Að loknum atriðum var gestum boðið upp á súpur að hætti matráðsins og brauð sem nemendur höfðu bakað. Var mæting mjög góð.
Nemendaráð hefur haft í nógu að snúast síðustu vikur í snjómokstri en það er liður í fjáröflun þeirra vegna væntanlegrar Danmerkurferðar vorið 2014. Nemendur í yngri deild hafa verið að vinna verkefni með mandölur og er það ætlun þeirra að sækja um leyfi til bæjaryfirvalda til að fá að skeyta brunninn niðri á svæði þegar snjóa leysir í vor. En til að athuga hvernig verkið tæki sig út var gerð eftirlíking af brunninum á sal skólans og drög að listaverkinu gerð.

Nú þann 28. nóvember hefst Spurningakeppni grunnskólanna sem haldin er á Akureyri í annað sinn og sendum við okkar lið sem skipað er Mikael Ásgeirssyni, Reyni Þrastarsyni, Rúnari Frey Júlíussyni og varamanni Jöru Sól Ingimarsdóttur til keppninnar. Þetta er harðsnúið lið og bindum við miklar vonir við að þau komist áfram.

Senn líður að jólum og nú fer undirbúningur þeirra að hefjast hjá okkur í skólanum. Það fyrsta sem við gerum er að mála jólamyndir í glugga skólans en það gerum við föstudaginn 30. nóvember. Jólaföndur foreldrafélagsins verður laugardaginn 1.desember Kl. 13:00 og þar selur nemendaráð smákökur og kakó. Einnig ætlum við að halda í þann sið sem hefur skapast í skólanum og skera og steikja laufabrauð saman, það gerum við þann 7. desember. Eins og undanfarin ár ætlum við að reyna að sækja okkur jólatré upp á ey og við stefnum að því að fara þann 17. desember og eru þeir sem vilja velkomnir með okkur í þá skemmtiferð. Litlu jól skólans verða fimmtudaginn 20. desember með hefðbundnum hætti þ.e. nemendur mæta í skólann kl. 13:00 og kl. 14:00 dönsum við í kring um jólatré á sal og þá eru foreldrar, systkini, afar, ömmur og allir aðrir velkomnir. Að loknum dansi förum við í jólafrí. Skólahald hefst svo á nýju ári föstudaginn 4. janúar 2013 kl. 08:00.
Að lokum óskar starfsfólk og nemendur Hríseyjarskóla ykkur öllum gleðilegra jóla og velfarnaðar á komandi ári.

Norðanbál.

Gamli skóli í Hrísey.
Hugmyndafræðin bak við listasetrið er að fólk alls staðar að úr heiminum eigi möguleika á að upplifa Hrísey og það sem hún hefur upp á að bjóða.
Gamli skóli í Hrísey hefur starfað frá árinu 2010 en frá janúar 2012 hefur starfsemin verið nær óslitin. Rými er fyrir 3 aðskilda listamenn í einu og eru stundum tveir saman með herbergi svo aðstaða er í raun fyrir 6 aðila samtímis.
Akureyrarbær veitti Gamla skóla styrk í tilefni af 150 ára afmæli bæjarfélagsins árið 2012 og var auglýst frí dvöl í október og nóvember það árið. Rúmlega 100 aðilar sóttu um, alls staðar að úr heiminum. Í lok hvors mánaðar héldu listamennirnir sýningu á verkum sínum. Eftir að afmælisstyrkur Akureyrarbæjar var auglýstur hefur aðsókn aukist um allan helming og er svo komið að húsið er bókað óslitið út nóvember 2013.
Starfsemi Gamla skóla er "non profit" og er reksturinn aðallega ætlaður til stuðnings listamönnum, hvaðan sem þeir koma og í hvaða listgrein sem þeir starfa. Einnig er von að starfsemin sé lyftistöng fyrir byggðina í eyjunni.
Endurbætur á húsinu standa enn yfir en mikið hefur verið gert til að halda því við.

Framkvæmdir munu standa yfir með hléum árið 2013 en að því loknu verður framtíðarskipulag hússins skoðað nánar.

Viðbrögð við dvöl listamanna í húsinu hafa verið frábær. Eyjabúar hafa tekið þeim vel og umsagnir listamannanna sjálfra hafa verið góðar, ekki síst gagnvart íbúum á staðnum. Þess má geta að mynd sem sýnd var á RIFF kvikmyndahátíðinni var að miklu leyti tekin í Hrísey meðan á dvöl höfundanna stóð í Gamla skóla.
Eigendur og rekstraraðilar skólans vilja færa þakkir til allra í eyjunni fyrir frábærar viðtökur og hlökkum til áframhaldandi starfs og samstarfs.



Starfsemi Ferðamálafélagsins.

Starfsemin hefur verið hefðbundin á þessu ári. Ráðnir voru tveir starfsmenn í 100% vinnu yfir sumarmánuðina. Sælkeraferðir í samstarfi við Saga Travel hafa verið hafa verið að vinda upp á sig á árinu en á síðasta ári komu um 230 manns í þessar ferðir en það sem af er þessu ári er fjöldinn kominn í 430 manns. Gaman verður að fylgjast með þessari þróun. Í sumar höfum við verið að vinna með gamlar myndir frá Hrísey og erum komin með ótrulega mikið safn mynda. Margar hafa birst á Facebook síðu félagsins og vakið þar mikla lukku. Einnig fengum við styrk frá Menningarsjóði Akureyrarbæjar til að vinna gamlar myndir og er Arnar Þorsteinsson (sonur Steina rjúpu) að laga gamlar myndir. Til stendur að setja upp ljósmyndasýningu á gömlum ljósmyndum. Grautardagarnir hafa verið á sínum stað og er gaman að segja frá því að síðan við byrjuðum að bjóða upp á graut 19. apríl 2008 hafa 1.296 manns komið og notið þessara stunda með okkur.

Ferðamálafélagið er áhugamannafélag og tilgangur þess er m.a. að standa fyrir viðburðum og sýningum í Hrísey, hægt er að gerast aðildarfélagi sem einstaklingur og er árgjaldið kr. 4.000 sem greiðist í tvennu lagi. Félagaskráin er alltaf að stækka og viljum við benda á að hægt er að skrá sig í félagið með því að senda tölvupóst á hrisey@hrisey.net eða hafa samband við Lindu Maríu í síma 695 0077.

Fréttir frá Útgerðarfélaginu Hvammi.

Í ársbyrjun fluttist nær öll vinnsla Hvamms í frystihúsið. Það sem skilið var eftir útfrá var harðfiskþurrkun og pökkun á hertum hausum og keilu. Hefur fyrirtækið mestmegnis unnið fersk þorsk og ýsuflök. Ennig hefur verið unnið í harðfisk og selst hann ágætlega.Um tuttugu manns starfa hjá fyrirtækinu í dag. Aflabrögð í haust hafa verið þokkaleg en tíðarfarið erfitt. Siggi Gísla og Eydís hafa landað hjá fyrirtækinu eins og undanfarin ár. Annars hafa markaðir fyrir fiskafurðir verið erfiðir á árinu, almennar verðlækkanir og sölutregða. Einnig hefur niðurskurður á aflaheimildum á ýsu valdið vandræðum. En sjávarútvegur hefur alltaf verið sveiflukenndur. Sum árin mjög góð og önnur síðri eins og gengur. Reiknað er með að vinna fram í miðjan desember og taka þá jólafrí fram yfir áramót.

Þröstur Jóhannsson

Holdi ehf óskar Hríseyingum velfarnaðar um ókomna tíð.



Verkefni nemenda í yngri deild Hríseyjarskóla

Eflum atvinnu, verslum í heimabyggð.

Opið alla daga. Alltaf heitt á könnunni.

Opnunartími yfir hátíðardagana auglýstur síðar.

Júllabúð

Fréttir úr Júllabúð

Það er alltaf eitthvað að gerast í Júllabúð.
Það nýjasta er að ný kaffivél var að detta í hús en hún malar kaffið jafnóðum og gæðin eru eins og best gerist en kaffið í henni er að gerðinni Chaqwa og er það í eðalkaffiflokknum. Það er vel þess virði að kíkja við og fá sér einn bolla eða svo.
Haldin hafa verið prjóna og hannyrðakvöld því sem næst hálfsmánaðarlega frá opnun með örlitlum hléum yfir hásumarið. Mæting hefur verið með miklum ágætum og auðvitað eru allir ávallt velkomnir í fjörið.
Spilakvöld hafa verið haldin þar sem að aðaláherslan hefur verið lögð á póker og hefur mæting þar verið einstaklega góð og mikil gleði verið við völd.
Krakkaquiz í boði Coca-Cola hefur verið haldið tvisvar og nokkuð öruggt að framhald verður þar á því að krakkarnir skemmtu sé hið besta og metnaðurinn var gríðarlegur til að ná árangri.
Við viljum þakka öllum okkar frábæru viðskiptavinum fyrir viðskiptin árinu og um leið og við óskum ykkur gleðilegra jóla þá minnum við á að alltaf er hægt hringja í okkur ef eitthvað vantar utan hefðbundins opnunartíma nema þá helst ef kaupmaðurinn týnir símanum sínum og þá er heimasíminn hjá honum 565 2926 og búðarsíminn er 466 1707. Vaktsíminn sjálfur er síðan 891 9614
Takk fyrir okkur.

Júlli og Inga

Jólaljósaviðurkenning

Veitt verður viðurkenning fyrir fallegar jólaskreytingar **22. desember kl.17:00 í Júllabúð**

Jólapósturinn 23. desember

Móttaka jólapósts í **Júllabú**ð milli kl. 13:00 og 15:00.

Jólagleði Kröflu

Föstudaginn 28. desember verður skemmtikvöld í Sæborg. Söngur, gleði og glens. Nánar auglýst síðar.

Áramótagleði

Höldum saman upp á áramótin í Sæborg. Nánar auglýst síðar.

Ungmennafélagið Narfi.

Jólatrésskemmtun

Jólatrésskemmtun verður haldin **annan dag jóla** í Íþróttamiðstöðinni og hefst **kl. 14:00.** Ýmislegt verður gert til skemmtunar og má eiga á von á að jólasveinar komi í heimsókn.

Ungmennafélagið Narfi og
foreldrafélag Hríseyjarskóla.

Viðburðir í desember.

Hríseyjarkirkja

Aðventustund í Hríseyjarkirkju fyrsta sunnudag í aðventu **2. desember kl. 16:00**

Laugardaginn 8. desember kl. 18:00 verður helgistund og kveikt á leiðalýsingunni í kirkjugarðinum.

Aðfangadagur jóla.
Aftansöngur verður í Hríseyjarkirkju **24. desember kl. 18:00.**

Sóknarprestur

Kveikt á jólatréinu

Laugardaginn 1. desember kl.17:00. Heitt súkkulaði og smákökur í boði á eftir í Júllabúð.

Möndlugrautur í Hlein

Laugardaginn 1. desember verður boðið upp á graut með möndlu og að sjálfsögðu slátur nýtt og súrt. Verðlaun fyrir möndluna.

Hríseyjarskóli

Jólaföndur **laugardaginn 1. desember kl. 13:00**.
Litlu jólin **20. desember kl. 14:00**

Gallerí Perla

Jólamarkaður verður **sunnudagana 9**.**desember og 16. desember kl. 14:00 - 17:00.**

Bíó í Sæborg

Jólabíó sunnudaginn **9. desember kl. 16:00**. Nánar auglýst síðar.

Litlu jólin hjá Eyfar

Föstudaginn 14. desember kl. 18:00 verða litlu jól Eyfars. Þau eru haldin í Íþróttamiðstöðinni.

Jólastund í húsi Hákarla Jörundar

Laugardaginn 15. desember kl. 14:00 verður jólastund með upplestri, söng og huggulegheitum.

Flugeldasala Björgunarsveitarinnar

Flugeldasalan verður **28. – 31. desember** í húsnæði sveitarinnar að ***Ægisgötu 13.***

Afgreiðslutími auglýstur nánar í Júllabúð.

Björgunarsveitin

Veitingahúsið Brekka

Jólahlaðborð
Laugardaginn 8. desember kl. 20:00

Jólabingó
Mánudaginn 17. desember.
Barnabingó kl. 17:00
Bingó kl. 20:30

Nánari opnun og viðburðir í desember auglýst síðar.

Veitingahúsið Brekka

Áramótabrenna

Kveikt verður í áramótabrennunni á gamlársdag kl. 17:00**.**